

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 3.11.2023

Verkefnaráð	1
Torgið 2.0	2
Gagnaþjónustan – Aðgengileg gröf.....	4

Verkefnaráðsfundur 3.11.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 3.11.2023
Dagsetning 3.11.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Bára O'Brien Ragnhildardóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Bergdís Björk Sigurjónsdóttir, Kristjana Björk Barðdal	
Fjarverandi: Eva Björk Björnsdóttir	
Fundarritari: Bára O'Brien Ragnhildardóttir	

Dagskrá fundar

Föstudaginn, 3.nóvember 2023, kl. 10:00 – 11:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00-10:05 Samstilling
10:05–10:20 Torgið 2.0 : Bergdís
10:20–10:25 Umræður
10:25–10:35 Gagnaþjónustan – Aðgengileg gröf : Kristjana
10:35–10:40 Umræður
10:45 Fundi slitið

Torgið 2.0

Lagt er til að fara í fasa 2 fyrir Torgið fræðslukerfi Reykjavíkurborgar. Farið var af stað í útboð á fræðslukerfi fyrir Reykjavíkurborg, kerfið hefur nú þegar verið keypt og komið í notkun en ennþá vantar nokkuð uppá innleiðinguna. Nokkrir verkefnastjórar hafa komið að verkefninu ásamt breytingaráðgjafa og vörustjórum, en töluvert hefur verið um mannabreytingar á meðan verkefninu stendur af ýmsum ástæðum. Innleiðing er vel á veg komin en enn vantar uppá hana áður en verkefninu er lokið og komið í rekstur. Einnig þarf að uppfæra kerfið svo það uppfylli öll skilyrði samningsins, sem farið var fram á í útboðinu.

Búið er að gera:

- Undirbúningsvinnu fyrir innleiðingu stafræns fræðslukerfis
- Gerð, umbreyting og kaup á fræðsluefni fyrir Reykjavíkurborg
- Innkaup á fræðslukerfi
- Innleiðingu lokið á 4 sviðum af 8
 - Innleiðingu Torgs lokið
 - Fjármála- og áhættustýringarsvið
 - Mannauðs- og starfsumhverfissvið
 - Miðlæg stjórnsýsla
 - Þjónustu- og nýsköpunarsvið
 - Innleiðing í gangi
 - Skóla- og frístundasvið

- Umhverfis- og skipulagssvið
- Velferðarsvið
- Innleiðing haust 2023
 - Menningar- og íþróttasvið

Með verkefninu á m.a að:

- Ljúka við innleiðingu Torgsins á öllum sviðum Reykjavíkurborgar
- Ljúka við innleiðingu á viðbótarsamningi
- Uppfæra kerfið og með því fylgja eftir að öll samningsatriði séu uppfyllt
- Klára samþættingu við önnur kerfi, td. Eloomi og SAP
- Verklökaskil og kerfi komið yfir í rekstur

Ávinningur/ábatí:

- Fræðslukerfi fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar

Tímarammi: 10 mánuðir

Áætlaður kostnaður 16,9 m.kr.

Óskað er eftir:

- Fjármögnun uppá 16,9 m.kr. fyrir launakostnaði, aðkeyptri sérfræðipjónustu og öðrum kostnaði til þess að ljúka verkefninu.

Tegund verkefnis:

Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 10.1.2023: 4 4 1 4 5 5 3,13

Umræður og spurningar verkefnaráðs:

- Er fjárfestingakostnaður í tengslum við uppfærsluna?
 - *Nei, viðaukasamningur tekur á um að enginn auka kostnaður falli til.*
- Í hverju felst viðaukasamningurinn?
 - *Í viðtökuprófunum kom í ljós að það er ekki verið að uppfylla allt sem samið var um. Það er komin ný útgáfa af kerfinu sem verður sniðin til svo verið sé að uppfylla allt sem samið var um.*
- Samþættingar við kerfi eins og SAP, er SAP ekki að líða undir lok?
 - *Það er átt við tengingar við launakerfin í gegnum webmethods.*

Niðurstaða verkefnaráðs:

- Verkefnið er samþykkt.
- Fara skal í útgáfu 2.0. Loka skal eldra verkefni og opna nýtt Torgið 2.0. Ný útgáfa af sömu lausn þó svo að tæknilega séð sé verið að koma með nýja vöru.
- Gera skal heimildarbeiðni.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	Nýtt verkefni stofnað sem Torgið 2.0

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Gagnþjónustan – Aðgengileg gröf

Hér er um að ræða þróun á gröfum fyrir borgina. Þörf er á því að geta birt gröf sem uppfylla lita og hönnunarstaðla og eru aðgengileg í Hönnu hönnunarkerfinu okkar, þau uppfylla stafrænar aðgengiskröfur svo skjálesari geti lesið gröfin. Markmiðið er að öll gagnabirting fyrir borgina uppfylli þessa staðla og það sé aðgengilegt fyrir allt starfsfólk að birta gröf á þennan máta og jafnvel að þetta sé opið fyrir alla borgarbúa.

Í dag er ekki verið að uppfylla kröfur um stafrænt aðgengi, hönnunarstaðal borgarinnar og framtíðar gagnastefnu borgarinnar. Mikilvægur partur af því að skapa virði úr gögnum fyrir Reykjavíkurborg felst í birtingu og framsetningu á gögnum.

Framkvæmdin felur í sér hönnun og þróun á kóðanum og í framhaldi að fara í innleiðingu, notandaprófanir, hönnun, þróun á kóða ofl.

Tímalína: 7 mánuðir

- Desember 2023 til mars 2024: þróun
- Mars til júní 2024 : innleiðing

Búið er að gera:

- Skilgreiningu verkefnisins
- Búa til MPM (modular package manager) pakka með algengustu gröfunum, sem er þá nýttur fyrir sjálfvirka uppsetningu, uppfærslu, stillingar og notkun á búnaði.

Með verkefninu á m.a að:

- Skapa virði úr gögnum fyrir Reykjavíkurborg með birtingu og framsetningu á gögnum.
- Gera öll gröf borgarinnar einsleit og í hönnunarstöðlum borgarinnar. Þegar gröfin eru birt á þennan máta eru þau ekki aðeins birt sem mynd, heldur er hægt að nálgast kóðann á bak við hvert graf um leið, það gerir kleift að birta grafið á hvaða vefsíðu sem er.

Ávinningur/ábat:

- Tíma- og vinnusparnaður fyrir framtíðar verkefni og vefsíður sem þurfa að birta gröf.

Markmið er að hagræða í stafrænum aðgengismálum og auka traust til borgarinnar, m.a með því að:

- Búa til vefsíðu sem er aðgengileg öllum sem vilja birta gröf.
 - Gerir notendum kleift að hlaða upp ákveðnum skráum með einföldum hætti með þeim gögnum sem á að birta hverju sinni.
 - Hægt að velja hvernig graf á að búa til þ.e. típu grafs, liti og heiti á ásum.
 - Grafið birtist svo notanda sem getur síðan valið um að hlaða grafinu niður.
- Mörkun á vefsíðunni og pakkanum innan borgarinnar.
 - Vefsíðan verður aðgengileg út á við og borgin getur þannig stuðlað að betri miðlun gagna og upplýsinga í samfélaginu.

Tímarammi: 7 mánuðir

Áætlaður kostnaður 13 m.kr.

Óskað er eftir:

- Fjármagni uppá 13 m.kr með rekstrarkostnaði
- Hönnuði
- Verkefnastjóra í 20% starf í 4 mánuði
- Aðkeypt sérfræðipjónusta – 3 mánuðir

Tegund verkefnis: Gagnaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: Ekki sett skor á verkefnið þar sem það þarf að koma aftur fyrir verkefnaráð.

Umræður og spurningar verkefnaráðs:

- Verkefnið gerir vinnu gagnasafnsþjónustunnar mjög sýnilega.
- Innleiðing lausnarinnar þarf að vera vel skilgreind.
- Áhyggjur að mikilvægasta fólkið nýti ekki lausnina.
 - Tala við mikilvægasta fólkið (sem notar gröf mikið) og kanna hvað þau eru að nýta.
 - Hugsa það til enda hvernig þetta er innleitt og notað.
 - Tala líka við vefteymið og nýta sína tengiliði.
- Umrædd lausn er ekki aðkeypt, öll þróuð innanhúss.

- Hvernig á að halda utan um verkefnið þangað til verkefnastjóri kemur inn í mars eins og óskað er eftir?
 - *Vörustjóri í gagnþjónustunni mun halda utan um verkefnið*
- Þarf MPM pakkinn að tengjast Hönnu, hönnunarkerfi?
 - *Já, reksturinn ætti að falla undir Hönnu og vörustjóri Hönnu að taka þetta undir sinn hatt.*
- Styðjum verkefnið, horfum til baka og tökum alla hagsmunaaðila að borðinu.
- Vantar inni umfangið hversu margir koma til með að nýta sér gröfin.
- Lagt til að þjónustuhönnuður taki sprett fyrir uppgötvunarfasa/hagaðila.
- Gott fyrir vefteymið að fá svona tól í hendurnar.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Styðjum verkefnið en ekki samþykkt að svo stöddu.

- Taka skal pásu, fara í uppgvötunarfasa fyrir framendatólið sem á að smíða ofaná MPM pakkann.
- Koma svo aftur fyrir verkefnaráð með niðurstöðu.
- Leggja fram magntölur og meta þörfina: fjöldi grafa? fjöldi notanda?

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð styður verkefnið en það er ekki samþykkt
2	Fara í nánari greiningu/uppgötvunarfasa
3	Koma aftur fyrir verkefnaráð með niðurstöðu greiningar
4	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir gagnþjónustu um niðurstöðuna	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn 23.nóvember 2023.